

Skútustaðahreppur Deiliskipulag smávirkjunar við Dreka

Skipulags- og matslýsing

Lýsing á skipulagsverkefni

Samkvæmt 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
1.1. Markmið.....	3
1.2. Matsskylda	3
1.3. Tengsl við aðrar áætlanir	4
1.4. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	4
2. Umhverfismat áætlana.....	6
2.1. Áhrifaþættir	6
2.2. Umhverfispættir	6
2.3. Valkostir	8
2.4. Viðmið til grundvallar umhverfismati	8
2.5. Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna	9
3. Skipulagsferlið.....	9
3.1. Verklag og yfirlit yfir ferlið	9
3.2. Kynning og samráð	9
3.3. Umsagnaraðilar	10
3.4. Tímaáætlun	11

Mynda- og töfluskrá

Mynd 1-1. Afmörkun skipulagssvæðis.....	3
Tafla 2-1. Vinsun umhverfispáttá.....	7
Tafla 2-2. Viðmið í umhverfismati.....	9


1. Inngangur

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð austan þjónustusvæðis í Drekgili í Skútustaðahreppi. Nánar er fjallað um viðfangsefni deiliskipulagsins í kafla 3. Deiliskipulagið er háð umhverfismati áætlana. Möguleg afmörkun deiliskipulags er sýnd á mynd 1. Þegar unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir þjónustusvæðið, er ætlunin að láta það einnig ná yfir virkjunina. Þar með verði deiliskipulag virkjunarinnar felld inn í það, enda byggi ferlið nú á nánú samráði við Vatnajökulsþjóðgarð og aðra rekstraraðila á svæðinu.

Áformað er að setja smávirkun í ána sem rennur úr Drekgili. Sumarrensli dugar fyrir um 30kW orkuframleiðslu, sem dugar fyrir alla starfsemi á svæðinu á sumrin. Mælt vetrarrensli dugar fyrir um 10kW orkuframleiðslu sem er nægjanlega fyrir fjarskiptastaðinn, sem notar um 5kW, og til að en umframorka yrði nýtt til að halda varma á skálunum.

Stöðvarhús verður staðsett um 600 m suðaustan við skálana og í um 10 km fjarlægð frá fjarskiptastaðnum og verður það um 8 m². Fallpípa frá inntaki er um 300 m og 0,5 m í þvermál og er hún niðurgrafin alla leið, norðan árinna. Náttúrufar einkennist af gjalli og vikurpöktum hraunum en sá gróður sem er, er bundinn við árbakka og lægðir. Inntakslón er ekkert, aðeins lítið inntak nægjanlegt til að sökkva inntaki fallpípu á um 1-1,5m dýpi, og þar verður forsteyptri einingu komið fyrir til að festa botnrás og fallpípu. Jarðstrengir verða lagðir frá stöðvarhúsi, annars vegar meðfram fallpípu að inntaki og þaðan að Drekgaskálum og hins vegar að fjarskiptahúsi á toppi Vaðöldu.

Neyðarlínan verður eigandi virkjunarinnar og gerir ráð fyrir að selja fjarskiptafyrirtækjum og skálaeigendum orku.



Mynd 1-1. Afmörkun skipulagssvæðis.

1.1. Markmið

Markmið deiliskipulagsins og fyrirhugaðrar framkvæmdar er fyrst og fremst að draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis og minnka þannig loftmengun og hætta hljóðmengun sem fylgir keyrslu rafstöðva. Jafnframt er markmiðið að minnka líkur á mengunarslysum við flutning eldsneytis á Vaðöldu um torfæra fjallvegi.

Ennfremur á að draga úr slyshætta sem fylgir notkun gass í skálum til fjalla en þau hafa orðið of mörg. Skálabyggingar endast betur ef haldið er á þeim hita yfir vetrarmánuðina. Að síðustu er til lengri tíma litið vonast eftir fjárhagslegum ávinningi þar sem rekstur vatnsaflsvirkjunar er ódýrari en rekstur rafstöðva. Einnig sparast gjaldeyris sem annars fer í að kaupa eldsneyti erlendis frá.

1.2. Matsskylda

Skipulagsáætlanir eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Deiliskipulagstillagan fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, þar sem framkvæmdin sem skipulagsáætlunin veitir heimild fyrir er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu

samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. flokk c, lið 3.23, í 1. viðauka við lögin.

1.3. Tengsl við aðrar áætlanir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Í gr. 4.10 lðnaðarsvæði (I) kemur fram að bygging nýrra vatnsaflsvirkjana allt að 200 kW krefst ekki breytinga á aðalskipulagi. Áform og ákvörðun um byggingu heimarafstöðvar við Dreka­gil kallar því ekki á breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Samkvæmt landsskipulagsstefnu 2015-2026 þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög á miðhá­lendinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum.

Heimarafstöðin verður innan Vatnajökulspjóðgarðs, sem er friðlýst svæði samkvæmt lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 með síðari breytingum og reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008 með síðari breytingum. Þar gilda jafnframt lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Haft verður samráð við Vatnajökulspjóðgarð og hefur svæðisráð norðursvæðis þegar lagt til að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni í stjórnunar- og verndaráætlun, með þeim fyrirvörum að framkvæmdin uppfylli allar kröfur sem til hennar eru gerðar.

Svæðið er þjóð­lenda og óbyggt land sem tilheyrir Skútustaðahreppi. Fornleifaskráning liggur ekki fyrir. Þess fyrir utan er vísað í 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

1.4. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Skipulagssvæðið er staðsett rétt austan ferðaþjónustusvæðis við Dreka­gil. Svæðið er í um 770 m hæð yfir sjávarmáli við austurrætur Dyngjufjalla Rafstöðin á að vera staðsett í læk sem rennur úr Dreka­gili og rennur í grunnum farvegi um 300 m til austurs frá skálunum í Dreka­gili áður en hann fellur í litlum fossi niður í gil. Síðan lækkar farvegurinn í gilinu þar til komið er aðra 300 m til austurs. Þar eru eyrar sem eru um 30 m lægra en efri brún á fossinum. Umhverfið einkennist af gjalli og hraunum sem eru

þakin vikurbreiðu, mispykkri. Þar sem lækurinn rennur og sem rafstöðin verður staðsett er að finna forsögulegt hraun, svokallað Dyngjufjallahraun eða Suðurhlíðahraun sem rann fyrir meira en 6100 árum síðan. Gróður er talsverður miðað við hæð, aðallega bundinn við lægðir og árbakkana en þar eru mest áberandi mosar, lambagrás og víðir.

2. Umhverfismat áætlana

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal meta hvaða áhrif skipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Hluti af því ferli er gerð þessarar matslýsingar, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismatinu við gerð deiliskipulagsins. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í skipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum þessa mats.

2.1. Áhrifaþættir

Þeir þættir skipulagsins sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið, svokallaðir áhrifaþættir, eru tilgreindir í töflu 2-1 hér að neðan. Áhrifaþættirnir eru misjafnlega umfangsmiklir og tekur matið mið af því. Ríkust áhersla verður lögð á þau tilvik þar sem búast má við hvað mestum áhrifum af framfylgd deiliskipulagsins. Áhersla verður lögð á að meta áhrifin heildstætt, þ.e. að tekið verði tillit til allra þeirra umhverfis- og áhrifaþátta sem skipt geta máli við matið.

- Ný mannvirki
- Umferð á framkvæmdatíma

2.2. Umhverfisþættir

Umvhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“

Umvhverfisþættir	Umvhverfisþáttur tengist		Skýringar
	Já	Nei	
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>			
Loftslag		√	
Vatnafar	√		Stífla hefur áhrif á vatnafar lækjarins

Jarðmyndanir	√		Áhrif á foss sem liggur í gilinu, umfang áhrifa veltur á vatnsmagni sem verður notað til orkuöflunar.
Jarðhitasvæði		√	
Gróður	√		Möguleg áhrif á gróður á svæðinu, þess verður gætt í staðarvali inntaks að lágmarka áhrifin
Dýralíf	√		Virkjun getur haft áhrif á lífríki lækjarins.
Heilsa og öryggi			
Heilsufar		√	Hugsanleg mengun vegna varaflds.
Óþægindi	√		Óþægindi við framkvæmdir.
Náttúruvá		√	
Samfélagsöryggi	√		Bætt öryggi fyrir fjarskipti.
Hagrænir og félagslegir			
Efnahagur og		√	
Íbúáþróun	√		
Verslun og þjónusta		√	
Útivist og tómstundir	√		Áhrif mannvirkja eru almennt neikvæð á óröskuðu svæði. Í Drekkagili, rétt við umræddan foss, er þegar skilgreint þjónustusvæði og innviðir. Sjónræn áhrif inntakslóns, fallpípu og stöðvarhúss verða
Ferðamennska		√	
Samgöngur		√	
Efnisleg verðmæti		√	
Húsnæðismál		√	
Byggðamynstur		√	
Landnotkun		√	
Náttúru- og			
Náttúruminjar		√	Er innan Vatnajökulspjóðgarðs.
Menningarminjar		√	
Landslag			
Ósnortin víðerni		√	
Ásýnd lands	√		Ný mannvirki verða sýnileg. Sjónræn áhrif inntakslóns, fallpípu og stöðvarhúss verða lágmarkuð
Menningarlandslag		√	

Tafla 2-1. Vinsun umhverfispáttá

2.3. Valkostir

Viðfangsefnum deiliskipulagsins er lýst í kafla 1. Metin verða líkleg veruleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar sem og raunhæfra valkosta við hana.

Fjallað um eftirfarandi valkosti:

- **Núllkostur** – Núverandi ástand.
- **Skipulagstillagan** – Smávirgjun við Drekgil.

2.4. Viðmið til grundvallar umhverfismati

Áhrif áætlana á tiltekna umhverfisþætti eru metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins. Umhverfisviðmið, sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér, eru sýnd í töflu 5.3. Þeir vísar sem notast verður við eru sýndir í töflu 2-2.

Umhverfisviðmið
<i>Lög</i>
Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
Lög um Vatnajökulspjóðgarð 60/2007
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.s.br.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
Skipulagslög nr. 123/2010.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
Mannvirkjalög nr. 160/2010.
Lög nr. 7 / 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
<i>Reglugerðir</i>
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
Reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð 608/2008
<i>Áætlanir</i>
Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.
Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs
<i>Önnur stefnuskjöl stjórnvalda</i>
Náttúruverndaráætlun 2009-2013.
Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands.
Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Tafla 2-2. Viðmið í umhverfismati

2.5. Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismat áætlana verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis. Þá verður einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Umhverfisskýrsla verður fléttuð inn í skipulagsgreinargerð. Framsetning umhverfismats verður í formi texta og/eða venslataflna. Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu verða lögð fram til lögbundinnar kynningar.

3. Skipulagsferlið

3.1. Verklag og yfirlit yfir ferlið

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á verkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Þar sem deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þarf einnig að gera matslýsingu. Lýsing skipulagsins og matslýsingin eru sameinaðar í samræmi 5.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

3.2. Kynning og samráð

Kynning lýsingarinnar verður í samræmi við gr. 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna verður hægt að nálgast á vefsíðunni www.myv.is. Hún verður auglýst í í héraðsfréttablaði. Samhliða þessu verður lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 3.3. Drög að deiliskipulagstillögu ásamt umhverfismati verða kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu tekin fyrir og afgreidd í bæjarstjórnarlögð fyrir sveitarstjórn. Að lokinni samþykkt í sveitarbæjarstjórn verðier tillagan auglýst í dagblaði sem er gefið út á landsvísu sem og í héraðsfréttablaði. Skipulagstillagan mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps og hugsanlega öðrum áberandi stöðum. Tillögurnar verða jafnframt aðgengilegar á vefsíðunni www.myv.is.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn mun sveitarstjórn fjalla aftur um tillöguna. Þar verður tekin afstaða til þeirra athugasemda sem kunna að hafa borist og tillögunni breytt ef ástæða er talin til, auk þess sem bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagstillagan er borin upp til samþykktar sveitarstjórnar. Í kjölfarið verður samþykkt deiliskipulag ásamt samantekt á málsmeðferð, athugasemdum og umsögnum sent til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur það þar með gildi..

3.3. Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Lýsing nýs deiliskipulags verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Vatnajökulspjóðgarður
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
- Forsætisráðuneytið
- Ferðafélag Akureyrar

3.4. Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að skipulagsvinnan taki yfir um 6 mánaða tímabil og eru helstu áfangar hennar sýndir í töflunni hér að neðan.

Verkþáttur/tími	2017-2018						
	Desemb	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	
Skipulags- og matslýsing lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar.							
Skipulags- og matslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum.							
Drög að deiliskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í sveitarstjórn.							
Drög að deiliskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu á vinnslustigi kynnt almenningi							
Deiliskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í sveitarstjórn.							
Deiliskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti.							
Deiliskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í sveitarstjórn m.t.t. mögulegra athugasemda og umsagna.							
Samþykkt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu og afgreiðsla sveitarstjórnar send Skipulagsstofnun til yfirferðar.							
Samþykkt sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda.							